

Umsögn um Pskj. 640 – 403. mál - Orkuskipti í samgöngum**Almennt um þingsályktunartillöguna**

Þingsályktunartillögu um orkuskipti í samgöngum er sérstaklega fagnað og hvatt til þess að hún verði samþykkt. Hér er um að ræða verkefni sem, eins og fram kemur í þingsályktunartillögunni sjálfri, er mikilvægt bæði hvað varðar gjaldeyrissparnað og orkuöryggi þjóðarinnar en einnig hvað varðar minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda. Síðast en ekki síst er hér um að ræða áhugaverða atvinnuþróun sem byggir á nýtingu endurnýjanlegra innlendra orkugjafa og þá ekki síst jarðhitagufu.

Orkuskipti í samgöngum heillar þjóðar er augljóslega nokkuð yfirgripsmikið verkefni sem þar að auki felur í sér verulega rannsóknar- og þróunarvinnu. Í því ljósi verður að telja það nokkra bjartsýni að heildarstefnumótun liggja fyrir í maí á þessu ári. Mikilvægt er að vanda til verksins og leitað samstarfs við sem flesta aðila þannig að mismunandi leiðir að markmiðinu geti þróast og dafnað en ekki verðir stökkið á þær lausnir sem í dag hafa fengið mesta athygli og/eða mestum fjármunum verið varið til fram að þessu.

Vegna byggðamynsturs í landinu er nauðsynlegt að horfa til þess að möguleikar fólks til þess að nýta sér t.d. vishæfar almenningssamgöngur og/eða bifreiðar sem nýta endurnýjanlega orkugjafa, eru mismunandi. Þannig hafa íbúar landsbyggðarinnar ekki sömu möguleika þegar kemur að almenningssamgöngum auk þess sem þeir hafa meiri þörf fyrir öflugri einkabíla, m.a. vegna lengri ferða og þá oft um fjallvegi og á vegum þar sem þjónusta er takmörkuð. Þannig verði gætt að því að þær skattalegu ívilnanir sem gert er ráð fyrir að nýta skekki ekki enn frekar búsetuskilyrði í landinu, landsbyggðinni í óhag.

Einstakir töluliðir þingsályktunartillögunnar**1. Forysta.**

Tekið er undir þá markmiðssetningu sem fram kemur í þessari grein og að sú sérstaða sem við búum við hvað varðar endurnýjanlega orkugjafa geri landið að spennandi kosti til að þróa tæknilausnir í framleiðslu á endurnýjanlegum orkugjöfum í samgöngum. Einnig er mikil þekking til í landinu á þessu sviði en þó ljóst að hún er verulega meiri erlendis og framleiðsla á fljóttandi eldsneyti t.d. þegar fyrir hendi á nokkrum stöðum. Mikilvægt er að efla tengsl við erlendar þekkingarstofnanir og fyrirtæki á þessum sviðum og fá þau til samstarf um að nýta þá sérstöðu sem hér er varðandi endurnýjanlega orkugjafa til þessarar framleiðslu. Í því sambandi ætti að koma á fót „orkugarði/görðum“ þar sem leiddir væru saman mismunandi orkustraumar – jarðhitagufa, heitt vatn, ferskvatn, rafmagn, CO₂- og mismunandi framleiðsluferli hvort sem væri á sviði efnaiðnaðar (s.s. eldsneytisframleiðslu) eða matvælaframleiðslu (s.s. fiskeldi eða gróðurhús).

4. Orkusparnaður.

Tekið er undir markmið um eflingu almenningssamgangna en óhjákvæmilegt er að benda á að stuðningur hins opinbera við þær hefur frekar verið að dragast saman, a.m.k. á landsbyggðinni. Þá eru framkomnar

Umsögn um þskj. 640 – 403. mál - Orkuskipti í samgöngum

tillögur um farþegagjald skv. frumvarpi til laga á þskj. 459 – 359. mál til þess fallnar að hækka kostnað notenda við innanlandsflug en sú hækkun mun einkum bitna á íbúum landsbyggðarinnar.

8. Stuðningsumhverfi fyrir nýsköpun.

Um leið og tekið er undir þá markmiðssetningu sem hér kemur fram er hvatt til þess að eflingunni verði veitt um þá farvegi sem fyrir eru í stoðkerfinu og þannig stuðlað að löngu tímabærri einföldun stoðkerfis atvinnulífsins í stað þess að flækja það með hverju nýju verkefni.

Greinargerð með þingsályktunartillögunni

3. Skattaumhverfi .

Ef 4. og 5. töluliðir í tillögum Grænu orkunnar eru lesnar saman er ekki ljóst hvort kaupendur visthæfra almenningsvagna eigi að fá 100% endurgreiðslu á virðisaukaskatti eða 66%. Þetta þarf að skýra þannig að ljóst sé við hvað er átt.

11. febrúar 2011



Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf.